



REGLUGERÐ

Um láNSSamninga (STF)

1. gr.

Leikmanni er heimilt að gera samning um tímabundin félagaskipti (hér eftir kallaður STF) til félags þrátt fyrir að vera gildandi leikmaður annars félags. Reglugerðin á einungis við um leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Til að slíkur samningur teljist gildur þarf að koma til samþykki viðkomandi leikmanns, ásamt samþykki formanns íshokkídeildar þess félags sem lánar hann (móðurfélags), þess sem fær hann að láni (lántökufélag) einnig þarf staðfestingu formanns eða framkvæmdastóra ÍHÍ. Staðfestingu allra aðila þarf fyrir samningnum til að hann teljist gildur. Þegar formaður eða framkvæmdastjóri ÍHÍ hefur staðfest móttöku og útfyllingu samningsins öðlast hann gildi.

3. gr.

STF getur aldrei orðið lengri en til enda þess leikatímabils sem hann er gerður á.

4. gr.

Heimilt er að gera STF frá upphafi hvers tímabils til 1. nóvember.

5. gr.

Þeir sem hafa heimild til að gera STF eru:

- a) Allir skráðir íslenskir leikmenn geta farið á láNSSamning. Leikmönnum á láNSSamning skal vera heimilt að spila með þeim flokkum í móðurfélagi sínu sem þeir gerðu ekki STF um ef það á við. Að uppsagnarfresti liðnum er þeim heimilt að spila aftur með móðurfélagi sínu í meistaraflokki sem STF var gert um.
- b) Leikmenn yngri en 18 ára sbr. a. lið. 5. gr. nema þá skal einnig leita samþykkis foreldris/forráðamanns leikmannsins.

6. gr.

Leikmanni sem gerir STF er með öllu óheimilt að spila með móðurfélagi sínu í þeim flokki sem samningurinn kveður á um að hann væri lánaður til á meðan samningurinn er í gildi.

7. gr.

Uppsagnarákvæði STF skal vera 15 dagar. Tvo aðila samningsins þarf til að segja honum upp.



8. gr.

Í samningi um STF skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn leikmanns.
2. Nafn móðurfélag leikmanns.
3. Nafn lántökufélags.
4. Í hvaða keppnisflokk leikmaðurinn er lánaður til.
5. Sé leikmaður undir aldri, skal liggja fyrir undirrituð skrifleg yfirlýsing, af bæði leikmanni og foreldri/forráðamanni leikmanns, sem gefin er út af ÍHÍ og heitir „Leikmaður undir aldri“.

9. gr.

Framkvæmd STF skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Leikmaður nálgst umsóknar eyðublað á vef ÍHÍ og fyllir það út og sendir á skrifstofu ÍHÍ.
2. Sé samningum sagt upp skal það gert með sama hætti og til hans var stofnað.

10. gr.

Lántökufélag eignast engin önnur réttindi í leikmanninum heldur en þau sem koma fram í STF.

11. gr.

Leikmenn á STF samningi geta ekki leikið í úrslitakeppni með því liði sem fékk þá að láni.

12. gr.

a. Stjórn ÍHÍ getur veitt undanþágu frá lokadagsetningu á STF samningum. Sækja þarf um slíka undanþágu formlega til stjórnar ÍHÍ. Skilyrði fyrir undanþágunni er að hún sé samþykkt samhljóða í stjórn ÍHÍ.

b. Komi til ágreinings varðandi STF skal málinu vísað til aganefndar sem hefur úrskurðarvald um framkvæmd og lögmæti STF.

13. gr.

ÍHÍ innheimtir gjald fyrir leikheimild vegna STF sem skal vera samkvæmt verðskrá ÍHÍ